




Furðufigúra

Höfundur: Sigríður H. Guðjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarANS Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



Aðferð:

Þæfing



Áhöld:

- ✓ Grunnur bakki
- ✓ Límbyssa



Efni:


- ✓ Kemba
- ✓ Heitt lím
- ✓ Augu
- ✓ Pípuhreinsarar
- ✓ Vatn og sápa



Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Veljið ykkur lit á kembu, það má nota nokkra liti saman.
- 2 Vefjið þétt eins og í bolta.
- 3 Dýfið ofan í heitt vatnið og makið sápu á hann.
- 4 Nuddið og kreistið vel utan um boltann eins og þið séuð að hnoða harðan snjóbolta þar til boltinn er orðinn þéttur og sléttur.
- 5 Skolið vel undir volgu vatni þar til sápan er farin.
- 6 Látið þorna.
- 7 Skerið gat í miðjuna til að búa til munn.
- 8 Opnið vel þannig að sjáist inn í munninn.
- 9 Límið augu á fígúruna.
- 10 Skreytið með pípuhreinsurum og saumið eða límið fast á fígúruna.

Muna að nudda og kreista boltann vel.



Vinnulýsing fyrir kennara

Verkefni sem hentar vel fyrir 1.-2. bekk.

- ✓ Nemendur velja sér liti á kembu.
- ✓ Hjálpið þeim við að vefja hana upp eins og hnykil.
- ✓ Bleytið síðan með heitu vatni og setjið sápunu í.
- ✓ Þau nudda síðan og kreista boltann þar til hann er orðinn harður og kemban farin að loða saman.
- ✓ Látið þorna og klippið eða skerið gat fyrir munn.
- ✓ Límið augun á figúruna með heitu lími og skreytið með pípuhreinsurum.

